

Reykjavík, 17.03.2018 Kl.10:00

44. Lyftingaþing Lyftingasambands Íslands
Í húsnæði Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands
Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Engjavegi 6, 104 Reykjavík



1. Þingsetning

Ásgeir Bjarnason formaður LSÍ setur þingið, löglega var boðað til þingsins með löglegum fyrirvara, engin mótmæli voru fyrir því og er 44. Lyftingaþing formlega sett.

2. Kosin kjörbréfanefnd 3ja manna.

Tillögur að Stefán Ragnar, Ingi Gunnar Ólafsson og Erna Héðsinsdóttir fari fyrir kjörbréfanefnd - Tillaga samþykkt

3. Kosning fyrsta og annars þingforseta og tveggja þingritar

Sigríður Jónsdóttir varaforseti ÍSÍ er kosinn þingforseti þingsins og tekur við stjórn.

Tillögur að Hjördís Ósk Óskarsdóttir taki að sér hlutverk þingritara – Tillaga samþykkt

4. Kosnar nefndir þingsins

Þingforseti leggur til að ekki sé kosið í nefndir að þessu sinni og að þingið starfi í einni málstofu og fá samþykki úr sal við ákveðin atriði.

5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

- a. Formaður: Ásgeir Bjarnason
- b. Varaformaður: Ingi Gunnar Ólafsson
- c. Gjaldkeri: Katrín Erla Bergsveinsdóttir
- d. Ritari: Stefán Ragnar Jónsson
- e. Meðstjórnandi: Erna Kristinsdóttir
- f. Varastjórn: Rúnar Kristmannsson, Grétar Skúli Gunnarsson, Jakobína Jónsdóttir, María Rún Þorsteinsdóttir
- g. Framkvæmdarstjóri: Hjördís Ósk Óskarsdóttir

Ásgeir Bjarnason formaður LSÍ fer yfir liðið ár. Sjá fylgigögn ársskýrsla 2017.

Ákveðnar breytingar verða á stjórn LSÍ á þessu ári. Ásgeir Bjarnason tilkynnir flutning sinn erlendis og stígur úr hlutverki formanns, bíður sig fram sem varaformann/í stjórn fyrir næsta ár. Úr stjórn fara einnig Stefán Ragnar Jónsson og Erna Kristinsdóttir. Úr varstjórn fara Rúnar Kristmannsson, Grétar Skúli Gunnarsson og Jakobína Jónsdóttir.

Formaður gaf skýrslu og fór yfir ýmsa tölfræði sambandsins. Meðal annars mótahald hérlendis og erlendis.

Hann kemur inná að mikil gróska sé í greininni og voru 149 einstaklingar sem kepptu á 19 lyftingamótum sem gerir 17% aukningu á milli ára. Það voru 262 (+75%) Íslandsmet sett í kvennaflokkum og 227 (+46%) Íslandsmet sett í karlaflokkum

Í tengslum við mótahald var rætt að meiri samvinna varðandi dómgæslu og mönnun starfsmanna á mótum þyrfti að vera betri þegar svona mikil aukning er á mótahaldi og keppendum.

Ásgeir kom inná það að ÍSÍ hafi staðið þétt að baki sambandinu með auknum styrkjum á síðasta ári og að nýtt ár lofi góðu.

8 landsliðsverkefni voru á árinu meðal annars mjög fjölmennt NM unglunga í Finnlandi þar sem sambandið sendi 12 keppendur.

Einnig átti Þuríður Erla Helgadóttir frábært mót á HM þar sem hún var í 10.sæti í sínum þyngdarflokki

Lyfjanotkun aðeins rædd, enn þá meira eftirlit nú en áður og þurfum við eins og aðrar þjóðir að passa að keppendur fylgi reglum Adams um whereabouts og um TUE undanþágur fyrir lyfseðilskild lyf.

6. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða ársreikninga sambandsins til samþykktar

Gjaldkerinn Katrín Erla var stödd erlendis því leggur formaður Ásgeir Bjarnason fram, endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.

Rekstrartekjur: 9.890.294 kr

Rekstrargjöld: 11.801.930 kr

Tap tímabilsins eftir fjármagnsliði: 1.911.611 kr

Eigið fé og skuldir: 5.208.871 kr

Sjá frekari upplýsingar í ársreikning 2017.

Fyrsta skipti sem LSÍ fór í skuld við ÍSÍ á árinu, fjárhagur sambandsins er samt sem áður sterkur, höfum verið með hagnað síðustu ár. Gert er ráð fyrir að rekstur þessa árs verði í jafnvægi.

2017 voru mikið af stórum landsliðsverkefnum og þeim fylgir töluverður kostnaður. Árið 2018 mun LSÍ halda tvö alþjóðleg mót þ.e. NM fullorðinna og Smáþjóðleika í ólympískum lyftingum. Stjórn LSÍ gerir ráð fyrir hagnaði af mótahaldinu.

7. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár

Ásgeir Bjarnason lagði fram fjárhagsáætlun, þar er gert ráð fyrir tekjum uppá 13.708.980 kr og gjöldum uppá 13.775.000 kr

Ásgeir kemur inná að auknar tekjur sé vegna alþjóðlegra móta sem haldin verða á landinu. Einnig mun sambandi ráðast í kaup á nýju keppnissetti sem hækkar útgjöld. Ákveðið hefur verið að hækka laun Hjördísar og ætlar sambandi að greiða henni sem launþega. En sambandið hefur um 275.000 kr á mánuði til að greiða launuðum starfsmanni. Peningur sem fenginn er úr ríkisstyrk er notaður til að greiða starfsmanni og mun ríkisstyrkur aukast árið 2018.

Sjá fylgiskjal fjárhagsáætlun 2018.

8. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær, sem fram hafa komið.

Viðauki við mótareglur ÍSí um notkun stanga verður að 26. gr í mótareglum.

27.gr Vigtun keppenda – ný regla

Á mótum þar sem keppt er í þyngdarflokkum hljóta keppendur 15 ára og yngri keppnisrétt í þeim flokki sem þeir vigtast inn í, ef þeir eru of léttir fyrir skráðan flokk fara þeir niður um flokk og ef þeir eru of þungir fyrir skráðan flokk fara þeir upp um flokk.

16-20 ára þurfa að vigtast inn í þann flokk sem þeir eru skráðir í á mótum sem keppt er í þyngdarflokkum annars fyrirgera þeir rétti sínum til að keppa.

Tillaga að fella úr gildi 8.grein lið 11) í lögum LSÍ. Ákveða gjald ævifélaga

9. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til

stjórnarinnar, svo og önnur mál er þingið vill ræða. Kjörbréfanefnd lýkur störfum mættir eru eftirfarandi fulltrúar:

LFR = 2

UMFN = 2

FH = 2

KFA = 2

LFG = 1

LFH = 1

LFK = 1

10. Afhending á orðum og viðurkenningum

Stefán Ragnar Jónsson hlaut silfurmerki ÍSí fyrir framlag sitt til stjórnar LSÍ síðastliðin ár. Einnig var Ásgeiri Bjarnasyni veitt gullmerki ÍSí fyrir sitt framlag til sambandsins síðastliðin ár.

ÞINGHLÉ

11. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.

- a. *Fjárlaganefnd.*
- b. Reikningar, Samþykkt einróma með handauppréttingu.
- c. Fjárhagsáætlun 2018, Samþykkt einróma með handauppréttingu.
- d. *Laganefnd.*
- e. Allar tillögur sem lagðar fyrir voru samþykktar með handauppréttingu, sjá tillögur að ofan.

12. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna og fulltrúa á Íþróttaping.

- a. Formaður.
 - i. Ingi Gunnar Ólafsson
- b. 1-2 úr fráfaramandi stjórn.
 - i. Ásgeir Bjarnason og Katrín Erla Bergsveinsdóttir
- c. 2-3 meðstjórnendur.
 - i. Lína Viðarsdóttir og Eyþór Einarsson
- d. 4 varamenn.
 - i. Andri Gunnarsson, María Rún Þorsteinsdóttir, Árni Freyr Bjarnson og Jens Andri Fylkisson
- e. 2 skoðunarmenn,
 - i. Theódór Pálmason og Vilhelm Patrik Bernhöft
- f. Fulltrúi Íþróttaping.
 - i. Ekki íþróttaping í ár, vísað til stjórnar

13. Kosinn formaður tækninefndar:

- a. Erna Héðinsdóttir
 - i. Samþykkt

14. Önnur mál.

- a. Grétar Skúli Gunnarsson (KFA) kom og ræddi um flytjanlegan keppnisvöll sem LSÍ og Kraft myndu kaupa saman og nýta saman fyrir mótahald hérlendis.

15. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.

- a. Óskað eftir að þingritari gangi frá þingfundargerð og sendi stjórn til samþykktar

16. Þingslit.

- a. Þingforseti gefur nýjum formanni orðið og þakkar þingmönnum fyrir þingið.
- b. Nýr formaður Ingi Gunnar Ólafsson lokar þinginu og þakkar fyrir traustið og þakkar þeim sem gáfu kost á sér í nýja stjórn fyrir sem og þakkar þeim sem fara úr stjórn.

Fyrir hönd LSÍ og þingritari þingsins

Hjördís Ósk Óskarsdóttir